



Bolungarvík, 5. nóvember 2012.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 141/356
komudagur 5.11.2012

Efni: Umsögn við frumvarp til nýrra umferðarlaga, 179. mál, þingskjal 180, á 141. löggjafarþingi.

I.


Umsögn þessi snýr fyrst og fremst að þeim ákvæðum fyrirliggjandi frumvarps til umferðarlaga sem varða úrræði þegar ökutæki er ekki fært til skoðunar í skoðunarstöð innan þess tíma sem lög mæla fyrir um. Með lögum nr. 65/2008, um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987, sem tóku gildi 1. október 2008, var lögfest nýtt úrræði, sem fól í sér að lagt skyldi sérstakt gjald á eigendur (umráðamenn) ökutækja sem skráð eru í ökutækjaskrá og ekki eru færð til skoðunar innan tilskilinna tímamarka. Er gjaldið nefnt vanrækslugjald og ráðherra falið að ákveða með reglugerð hver fari með álagningu þess og innheimtu. Hefur það verkefni frá upphafi verið í höndum embættis sýslumannsins í Bolungarvík, sbr. 38. og 39. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja.

Fjárhæð gjaldsins hefur frá byrjun verið 15.000 kr. og sú sama á öll ökutæki og hvort heldur vanrækt er að færa þau til aðalskoðunar eða endurskoðunar. Ef brugðist er við innan mánaðar frá álagningu og ökutæki annað hvort fært til skoðunar eða skráð úr umferð lækkar gjaldið um 50% eða í 7.500 kr. Innheimt gjöld frá upphafi eru um 1.120 m.kr. og lætur því nærri að um 1 m. kr. hafi greiðst í ríkissjóð hvern dag síðan álagning þess hófst 1. apríl 2009, en óinnheimt gjöld eru þegar þetta er ritað um 280 m.kr.

II.

Æskilegt er að úrræði í umferðarlögum sem leiða eiga til fækkunar óskoðaðra ökutækja í umferð miði að sem skilvirkastri framkvæmd við það markmið. Velta má fyrir sér hvort ákvæði núgildandi umferðarlaga um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds falli undir það þótt óneitanlega leiði þau til góðrar tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Við vinnu þessarar greinargerðar tókst ekki að ná tölum um heildarfjölda ökutækja sem eru skráð sem óskoðuð í ökutækjaskrá á tilteknum tímamarki, en fjöldi álagninga vanrækslugjalds segir ekki allt um það þótt vissulega veiti þær sterkar vísbendingar. Ekki liggja heldur fyrir tölur um þann fjölda ökutækja sem færð hafa verið í skoðun t.d. síðustu 12 mánuði. Miðað við þann fjölda álagninga vanrækslugjalds sem eigendur (umráðamenn) ökutækja hafa sætt í hverjum mánuði, verður þó að segjast að óskoðuðum ökutækjum fækkar nokkru hægar en margur gerði ráð fyrir þegar álagning gjaldsins hófst. Skal í því sambandi bent á að heildarfjöldi skráðra ökutækja í ökutækjaskrá hefur síðustu fjögur ár verið í kring um 300.000. Fjöldi álagninga vanrækslugjalds er hins vegar eins og sjá má á töflunni hér á eftir:



Er heildarfjöldi álagning sem hér segir: 2009: **35054**, 2010: **37004** 2011; **37801** og 2012 **30.086** en eftir er að leggja að leggja á v. desember 2012).

Má af þessu sjá að um 10% allra skráðra ökutækja eru ekki færð til skoðunar innan tilskilins tíma ár hvert.

Hafa ber í huga að ökutækjum sem færa á árlega í skoðun fjölga nokkuð eftir því sem meðalaldur skráðra ökutækja hérlendis hækkar en almenna reglan skv. ákvæðum reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja felur í sér að allar „venjulegar“ bifreiðar, bifhjól og skráða eftirvagn skal færa til skoðunar í skoðunarstöð í fyrsta skipti á fjórða ári eftir að ökutækið var skráð fyrsta sinni, að skráningarárinu frátöldu, síðan annað hvert ár í tvö næstu skiptin og árlega eftir það þannig átti að færa bíl sem var nýskráður á árinu 2008 í skoðun á árinu 2011, næst 2013, aftur 2015 og síðan árlega eftir það. Því má gera ráð fyrir að fjöldi ökutækja sem færa á til skoðunar ár hvert hafi aukist nokkuð frá árinu 2009 þegar meðalaldur ökutækja hérlendis

var nokkru lægri en nú er þótt ekki séu handbærar tölur um þetta. Kann þetta að vera hluti skýringarinnar á þeim fjölda álagninga sem enn stofnast í hverjum mánuði.

Minnt skal á að færa ber ökutæki til skoðunar í þeim mánuði sem endastafur skráningarmerkis vísar til nema ferðavagna, bifhjóla og fornbíla sem færa ber til skoðunar í júlí óháð endastaf skráningarmerkis. Vanrækslugjald leggst síðan á tveimur mánuðum eftir lok skoðunarmánaðar. Því eru fleiri álagningar í október en aðra mánuði og að sama skapi færri álagningar í febrúar og mars, þegar aðeins ökutæki sem færa á til endurskoðunar sæta álagningu.

III.

Þau atriði sem helst virðast valda því að ökutæki eru ekki færð til skoðunar á réttum tíma eru sem hér segir, skipt í A sem snýr að eigendunum (umráðamönnum) og B sem snýr meira að ökutækjunum sjálfum:

A - 1) Eigendur (umráðamenn) ökutækis láta álagningu gjaldsins yfir sig ganga vegna þess að þeir gleyma eða gefa sér ekki tíma til að færa það til skoðunar. Flestum á þó núorðið að vera kunnugt um þetta gjald enda þrjú og hálf ár síðan álagning þess hófst og fyrirtækin þrjú sem annast skoðun hérlendis dugleg að auglýsa það, bæði almennt og með sérstökum pósti til eigenda ökutækjanna. 2) Oft kann að vera að ökutæki þarfnist viðgerðar, sé á verkstæði, varahluti skorti o.s.frv. áður en það er fært til skoðunar, þótt í slíkum tilfellum ætti að vera hægt að færa það til skoðunar og fá frest (endurskoðun með grænum miða) til að koma því í lag og færa til skoðunar á ný. Einnig er til úrræði sem nefnist tímabundin skráning úr umferð (skráning úr umferð með miða) sem eigendum ökutækja virðist oft ekki kunnugt um og má notast við til að afstýra álagningu. 3) Sumir láta sér sjálfsagt standa á sama, finnst fjárhæð gjaldsins ekki það há að gera þurfi sérstakar ráðstafnir til að afstýra álagningu þess fyrr en eftir að hún er um garð gengin og jafnvel bíða þar til greiða má gjaldið í heimabanka en 15.000 kr. krafa færist þangað að liðnum tveimur mánuðum frá álagningu. 4) Loks eru alltaf nokkrir sem eru eða telja sig svo illa stadda fjárhagslega að þeir hafa ekki ráð á að færa ökutæki sitt til skoðunar og enn síður eftir að gjaldið hefur lagst á þá. Í hverjum mánuði fær embættið nokkur erindi þar sem bágum fjárhag er borið við þegar þess er freistað að fá álagningu frestað eða fellda niður, þótt sjaldnast sé unnt að verða við því.

B - 1) Talsvert virðist um það að í ökutækjaskrá, sem er grundvöllur álagningarinnar, séu skráð ökutæki sem ekki eru lengur til, en af einhverjum ástæðum hafa ekki verið skráð úr umferð eða færð úr ökutækjaskrá og því lagt vanrækslugjald á skráðan eiganda (umráðamann) þess. Kom það berlega í ljós er innheimtuaðgerðir vegna gjaldsins hófust og óska átti uppboðs á ökutækjunum. Fyrirtæki sem annast vörslutöku var fengið til að hafa uppi á ökutækjunum en greip oftast í tómt þar sem eigandi (umráðamaður) eða annar sem til þekkti upplýsti oftast en ekki að ökutækið væri ekki til, það hefði verið skilið eftir hér eða þar, það gefið eða hirt af einhverjum, notað í varahluti, það týnt o.s.frv. Þó sæta skráðir eigendur (umráðamenn) þess áfram álagningu og hafa sumir eigendur sætt fjórum álagningum vanrækslugjalds. Oftast leggjast einnig bifreiðagjöld á viðkomandi. Þrátt fyrir það er ekki hirt um að koma skráningu ökutækisins í rétt horf. 2) Nokkuð er einnig um að ökutæki séu skráð á þrotabú sem skiptum er lokið á án þess að gengið hafi verið frá skráningu á nýjan eiganda eða hirt um að afskrá ökutæki. Einnig eru nokkur dæmi þess að ökutæki séu skráð á dánarbú jafnvel löngu látinna einstaklinga svo og félög, einkahlutafélög, áhugmannafélög sem hætt eru starfsemi og jafnvel enginn er skráður fyrirvarsmaður fyrir. Einnig ber aðeins á því að ökutæki séu skráð á aðila sem ekki eru skráðir til heimilis hér á landi í þjóðskrá heldur aðeins á eitthvert tiltekið ríki án nánari tilgreiningar. Er erfitt að koma fram innheimtu þegar þannig stendur á.

Að öllu þessu athuguðu hefur orðið mun minna um vörslutökur og nauðungarsölubeiðnir sem lið í innheimtu álagðra gjalda en ráð var fyrir gert. Gæti um margt verið æskilegt og fróðlegt að reyna að greina betur hvað valdi því að ökutæki eru ekki færð til skoðunar í ríkara mæli en nú er gert eða að þau ekki skráð úr umferð. Aðalatriðið er þó að í fyrirbyggjandi frumvarpi er með sérstöku ákvæði gert ráð fyrir að Umferðarstofu verði heimilt að færa ökutæki einhliða úr ökutækjaskrá, hvort sem það verður fært á einhvers konar hliðarskrá eða afskráð beint, ef telja má að það sé ekki lengur til eða verði ekki notað framar. Slíka heimild er að vísu að finna í 9. gr. reglugerðar nr. 751/2003 um skráningu ökutækja en sú heimild er talsvert þröng og aukið réttaröryggi að því að hafa skýrt ákvæði fyrir þessari heimild í lögum. Ef heimildin verður nýtt þegar tilefni sýnist gefast, eftir atvikum eftir að reglur hafa verið setta um nánari útfærslu, ætti það að leiða til þess að verulega dragi úr óþarfa álagningu vanrækslugjalds á eigendur (umráðamenn) þeirra ökutækja sem um ræðir og dragi úr þeirri vinnu sem því fylgir.

IV.

Í ljósi fengingar reynslu hjá embættinu af álagningu og innheimtu vanrækslugjalds í á fjórða ár verður að telja að gildandi ákvæði sem umferðarlög og reglugerð um skoðun ökutækja hafa að geyma um þetta úrræði hafi í öllum aðalatriðum reynst vel. Aðeins örfáir hafa látið formlega reyna á ákvæðin þótt fjölmargir hafi beint fyrirspurnum til embættisins, og nokkur fjöldi látið í ljós óánægju sína með ýmislegt tengt gjaldinu og álagningu þess, eins og gengur.

Tekið skal sérstaklega fram að ekki hafa komið upp vandkvæði við innheimtu gjaldsins þótt e.t.v. teljist ekki komist skýrt að orði í lagatextanum þar sem segir að „eigandi (umráðamaður)“ skuli sæta álagningu gjaldsins. Hefur í framkvæmd verið við það miðað að eigandi einn sæti álagningunni, en ekki umráðamaður. Álagningin fer því á kennitölu eiganda í innheimtukerfi ríkissjóðs (ekki umráðamanns) og færast í heimabanka hjá honum einum sé gjaldið ekki greitt innan tveggja mánaða. Álagningarbréfið eða tilkynningin um álagninguna er hins vegar send á bæði umráðamann og eiganda. Þau ökutæki þar sem eigandi og umráðamaður eru sitt hvor aðilinn eru að því er virðist langflest í eigu fjármögnunarleigufyrirtækja og hafa fyrirtækin yfirleitt greitt gjaldið fljótlega að liðnum þeim tveggja mánaða fresti sem líða þarf áður en hægt er að greiða gjaldið án þess að færa ökutækið jafnframt til skoðunar, eða skrá það úr umferð. Í framhaldinu hefur fjármögnunarfyrirtækið beint innheimtu gjaldsins ásamt kostnaði á viðkomandi umráðamann.

Að liðnum ca. þremur mánuðum frá álagningu er eigendum en ekki umráðmönnum þeirra ökutækja sem enn skulda gjaldið sent ítrekunarbréf frá embættinu og lagður á kostnaður við sendingu þess, nú 250 kr., og ef ekki er brugðist við er í framhaldinu birt greiðsluáskorun fyrir eiganda, þar sem því verður við komið, en eins og áður er vikið að er algengt að lögmætri birtingu greiðsluáskorunar verði af ýmsum ástæðum ekki við komið og því ekki unnt að óska nauðungarsölu og innheimtan stöðvast. Því er nýtt ákvæði í frumvarpinu um heimild til auglýsingar í Lögbirtingablaði sem jafngildi birtingu greiðsluáskorunar fyrir viðkomandi mjög til bóta ef á ný verður farið í að óska nauðungarsölu á ökutækjunum að einhverju marki.

V.

Telja verður að þær breytingar á gildandi ákvæðum um vanrækslugjald sem frumvarpið gerir ráð fyrir ættu flestallar að leiða til bættrar framkvæmdar við álagningu og innheimtu gjaldsins, þótt ósagt skuli látið hvort rétt væri að huga að nýjum úrræðum til viðbótar við þau sem fyrir eru til að fækka óskoðuðum ökutækjum í umferð.

Með vísan til þess sem segir í kafla IV kann að vera rétt að huga betur að ákvæðum um eiganda og umráðmann ökutækis, ekki síst ef tekin verða upp ákvæði um svonefnt vantryggingagjald, sem gert er

ráð fyrir í frumvarpi til laga um ökutækjatrýggingar, sem væntanlegt er. Má annars að óbreyttu gera ráð fyrir að einhver álitafni geti vaknað varðandi ábyrgð o.fl. atriði.

Hækkað gjald sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu ætti ef það verður notað að leiða til fækkunar á óskoðuðum ökutækjum og því sýnist æskilegt og raunar brýnt að það ákvæði frumvarpsins hljóti samþykki, bæði hvað varðar hækkun vegna almennra verðlagshækkana sem og hækkun eftir flokkum ökutækja þannig að þau ökutæki sem brýnast er að ekki séu óskoðuð í umferð sæti hærri álagningu.¹ Hlýtur t.d. nokkur munur að teljast á stórrí rútu eða flutningabíl annars vegar eða lítilli kerru eða skellinöðru og eðlilegra að stóru ökutækin beri herra gjald.

Telja má það horfa til bóta að setja í lög in en ekki hafa einvörðungu í reglugerð þau ákvæði sem eru í frumvarpinu um framkvæmd skoðunar o.fl. Sama er um heimild til að fella niður álagningu gjaldsins ef ökutækið er afskráð. Á þetta þá væntanlega eingöngu við um ónýt ökutæki sem ekki fara í umferð á ný. Hefur þetta verið gert í framkvæmd og þá miðað við tvo mánuði frá álagningu og hefur verið mörgum hvatning við að ákveða að láta verða af afskráningu ökutækis sem e.t.v. hefur beðið nokkra hríð.²

Eitt ákvæði í bæði núverandi lagatexta og í frumvarpinu er þó að mati embættisins óþarft og er það sem hér segir í frumvarpin: „Heimilt er að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Heimilt er ráðherra að hækka fjárhæð í samræmi við breytingar á verðlagi.“

Ekki er kunnugt um neitt tilvik þar sem þessu ákvæði hefur verið beitt. Framkvæmdin hefur nánast undantekningarlaust verið sú að ökutæki fær ekki skráða skoðun nema álagt vanrækslugjald sé áður greitt í skoðunarstöð eða með öðrum hætti enda skilyrði skoðunar að gjaldið sé greitt, sbr. texta ákvæðisins þar sem segir (með undirstrikun og feitletrun undirritaðs): „Leggja skal á gjald að fjárhæð 15.000 kr. sem eigandi (umráðamaður) ökutækis skal greiða við almenna skoðun og endurskoðun hafi ökutæki ekki verið fært til skoðunar og endurskoðunar á réttum tíma samkvæmt þeim reglum um skoðun ökutækja sem ráðherra setur með stoð í 1. mgr.“ Er lagt til að þetta ákvæði um hækkun gjaldsins verði tekið úr frumvarpinu.

Hér skal einnig bent á að í texta 76. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að afstýra megi hækkun gjalds með því að leggja inn skráningarmerki í skoðunarstöð. Í reglugerð nr.751/2003 um skráningu ökutækja er úrræði sem felur í sér að eigandi (umráðamaður) ökutækis getur komist hjá að leggja inn skráningarmerki með því að senda umsókn til Umferðarstofu um svonefnda tímabundna skráningu ökutækis úr umferð. Fær hann þá afhentan miða til að líma á skráningarmerkið sem á stendur „Notkun bönnuð“ og er notkun ökutækis óheimil þegar við móttöku og samþykki umsóknar. Hins vegar halda váttryggingaiðgjöld og bifreiðagjöld áfram að falla á þar sem um það er að ræða. Nokkuð er um eigendur (umráðamenn) ökutækja „bjargi sér“ frá álagningu með þessum hætti af stutt er í álagningu og ökutæki e.t.v. bilað eða ekki verður komið við að fara með það í skoðun innan tilskilinna tímamarka. Þá hafa eigendur (umráðamenn) ferðavagna nokkuð nýtt sér þessa heimild til að afstýra

¹ Ef miðað er við verðlagabreytingar frá 1. apríl 2009 til dagsins í dag ætti gjaldið að hafa hækkað um 19,3% eða í tæpar 18.000 kr. (nvt. apríl 2009 336 og nóvember 2012 400,7) og miðað við launavísitölu um 22,8% eða í 18.420 kr. (launavísitala apríl 2009 355,4 og í sept. 2012 436,3).

² Á það skal bent hér að til að hvetja til frekari afskráningar ökutækja sýnist mætti huga að umtalsverðri hækkun skilagjalds, sbr.6. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald sem í dag er aðeins um 15.000 kr. og hefur verið óbreytt frá árinu 2004. Sama er raunar um úrvinnslugjaldið sem ætlað er að fjármagna skilagjaldið og innheimt er af öllum ökutækjum í 15 ár og er 700 kr. á ári.


hækkun gjalds eftir að hafa e.t.v. komið tæki sínu fyrir í geymslu jafnvel fjarri heimili sínu þar sem óhægt er að taka það út aftur og færa til skoðunar nema með miklum tilfæringum.

Er því lagt til að heimilað verði sérstaklega, til að taka af öll tvímæli, að tímabundin skráning ökutækis úr umferð leiði til að gjald lækki um 50%, rétt eins og hún leiðir til að vanrækslugjald leggst ekki á ef ökutækið er skráð tímabundið úr umferð áður en til álagningarinnar kemur.

Að framansögðu athugðu er gerð tillaga um að ákvæði 4. mgr. 76. gr. umferðarlaga orðist sem hér segir með breytingum undirritaðs, sem eru rauðlitaðar (Track changes).

„Fjárhæð vanrækslugjalds skal ákveðin af ráðherra í reglugerð, en hún skal að hámarki vera 30.000 kr. Breyta má fjárhæð gjaldsins til samræmis við almennar breytingar á verðlagi. Heimilt er ráðherra að ákveða mismunandi fjárhæð vanrækslugjalds eftir flokkum ökutækja. Sé ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, ~~eða~~ skráningarmarki þess afhent skoðunarstöð ~~eða það skráð tímabundið úr umferð~~ innan mánaðar frá því að vanrækslugjald var lagt á lækkar gjaldið um 50%. Sé ökutæki afskráð innan tveggja mánaða frá álagningu gjaldsins skal fella álagninguna niður. ~~Heimilt er að hækka gjaldið um allt að 100% verði það ekki greitt við skoðun eða endurskoðun sé þess krafist. Heimilt er ráðherra að hækka fjárhæð í samræmi við breytingar á verðlagi.~~

Virðingarfyllst,



Jónas Guðmundsson,

sýslumaður